



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Ársskýrsla 2007


- Akureyri -
- 2008 -

Brekkugötu 17, 600 Akureyri
sími 460-1290, fax 460-1291
netföng: adalbjorg@akureyri.is, lara@akureyri.is
opnunartími: 10:00 – 18:00 mánudaga og fimmtudaga,
10:00 – 16:00 þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga.

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins á Akureyri árið 2007

Árið 2007 varð talsverð aukning á aðsókn gesta á lestrarsal Héraðsskjalasafnsins. Þangað sóttu alls 632 manns, þ.e. 457 karlar og 175 konur og hefur aðsóknin aukist um tæp 23,7% frá fyrra ári. Notkun á safnkosti jókst einnig því þessir gestir fengu afnot af 2924 skjalanúmerum og er það 24,5% aukning frá fyrra ári.

Fyrirspurnir og uppflettingar fyrir aðra viðskiptavinum, sem ekki komu á safnið voru um 600, sem er svipað og árið áður.



Súluurit yfir gesti, lán á lestrarsal og fyrirspurnir árið 2007.

Fjöldi afhendinga á skjölum til safnsins voru 87 og hefur hækkað um 16%. Afhent voru skjöl frá skilaskyldum aðilum en auk þess frá fjölmörgum félögum, fyrirtækjum og einstaklingum. Skrá yfir þau skjöl sem safnið tók á móti fylgir hér á eftir sem Aðfangabók 2007.

Héraðsskjalasafnið tók að venju þátt í norræna skjaladeginum, sem er árlegur viðburður annan laugardag í nóvember og að þessu sinni bar hann upp á 10. nóvember. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfnin halda úti sérstökum vef fyrir norræna skjaladaginn. Þar má finna upplýsingar um hann frá undanförunum árum á vefslóðinni <http://www.skjaladagur.is>. Þema dagsins þetta árið var "mennesket i arkivet" eða "mannlíf í skjölum" og átti að vekja áhuga á persónulegum heimildum sem söfnin hafa að geyma. Á þessari vefslóð er nú m.a. hægt að sjá lista yfir einkaskjalasöfn í Héraðsskjalasafninu á Akureyri og einnig er þar að finna dæmi um persónuheimildir sem finnast í flestum skjalasöfnum á landinu. Vikuna eftir norræna skjaldaginn lágu einnig frammi á safninu sýnishorn af persónuheimildum og einkaskjalasöfnum og skjalaverðir svöruðu spurningum þar að lútandi.

Þótt lög gildi um opinbera skjalavörslu er ekki nægilega áréttað að einstaklingar í félögum, stofnunum og fyrirtækjum ráða miklu um hvað verður um gögn sem þeir vinna með eða varðveita. Eitt markmiða skjaladagsins er að efla vitund fólks um að skjalasöfnin séu tryggir vörslustaðir skjala af hvaða tagi sem er. Fundargerðabækur, bréf, myndir og fleiri skjöl eiga erindi á skjalasöfn. Því er fólk hvatt til að hafa samband við héraðsskjalasafnið ef það hefur undir höndum skjöl sem það veit ekki hvað gera á við.

Akureyri í desember 2008,
Aðalbjörg Sigmarsdóttir
- héraðsskjalavörður -

Aðfangabók 2007

1. Þór Sigurðsson, Akureyri, afh. 8. jan. einkaskjöl frá Ragnheiði O. Björnsson, Sigurði O. Björnsson, Bjarna Jónssyni frá Unnarholti og Péturínu B. Jóhannsdóttur í Grímstungu frá árunum 1869-1981.
2. Magnús Stefánsson, Akureyri, afh. 15. jan. 20 kassa frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, frá árunum 1914-1992, einnig örfá skjöl frá Gunnari Jónssyni þá lögreglumanni á Akureyri frá árunum 1927-1933.
3. Gunnar Jónsson, Akureyri, afh. 16. jan. fundargjörðabækur, afmælisrit, úrklippur, myndir o.fl. frá Knattspyrnufélagi Akureyrar frá árunum 1928-1998.
4. Magnús Stefánsson, Akureyri, afh. 16. jan. þrjár námsbækur Halldórs Stefánssonar, Akureyri (1872-1955) frá skólavist í Búnaðarskólanum í Ólafsdal 1895-1897.
5. Sigurbjörg Pálsdóttir, Mosfellsbæ, afh. 19. jan. einkaskjöl úr fórum Páls Tómassonar og Önnu Jónínu Jónsdóttur á Akureyri og fjölskyldu þeirra frá árunum 1922-2006.
6. Sverrir Pálsson, Akureyri, afh. 22. jan. þrjár hljóðsnældur með viðtölum varðandi ritun á Sögu Akureyrarkirkju 1988-1989.
7. Hallgrímur Gíslason, Akureyri, afh. 22. jan. Skáldið og sálusorgarinn Matthías. 4 erindi um séra Matthías Jochumsson, flutt á dagskrá Stoðvina Minjasafnsins á Akureyri fyrsta vetrardag 2006.
8. Karl Erlendsson, Akureyri, afh. 23. jan. frá Gagnfræðaskóla Akureyrar: Gjörðabækur kennarafunda, kennararáðs, nemendasambands og vínbindindisfélags, skólaskýrslur, nafnalista, fjarvistir, munaskrá, teikningar o.fl. frá árunum 1931-1997. Einnig Neista, blað GA , 1.-3. árg.
9. Sigurður Jóhannesson, Akureyri, afh. 23. jan. gögn frá Nótastöðinni og Nótastöðinni Odda frá árunum 1953-2001.
10. Gunnar Jónsson, Akureyri, afh. 24. jan gögn frá Knattspyrnufélagi Akureyrar. Fjölmíðlaefni frá Miðlun 1987 og 1996-2004. Úrklippubækur 1978-1994. Dagbók 1969-1972. Lög, reglugerð, skýrslur og bréf. Haraldur Sigurðsson. Knattspyrnufélag Akureyrar 70 ára. 1928 - 1998.
11. Haraldur Hannesson, Víðigerði, afh. 30. jan. dagbók Kristjáns Ásmundssonar frá Máná á Tjörnesi 1918-1925.
12. Árni Björn Árnason, Akureyri, afh. 30. jan. gögn frá Slippstöðinni á Akureyri frá árunum 1954-2000.
13. Sigurður Sigmarsson, Akureyri, afh. 31. jan dagbækur sínar frá árunum 1988-1992.
14. Irene Gook, Akureyri, afh. 31. jan. dagbækur úr ferðalögum Arthurs Gook, til Skaftafells 1906, til Skagafjarðar 1918. Einnig sama efni uppskrifað af Irene Gook árið 2006. Úrklippubók A.G. úr breskum blöðum.

15. Þorsteinn Arnórsson, Akureyri , afh. 1. feb. samninga, kaup-taxta, lög o.fl. frá stéttarfélagum á félagssvæði Einingar-Iðju frá árunum 1938-1989.
16. Jósavin Gunnarsson, byggingarfulltrúi Eyjafjarðar, Litla-Dunhaga, afh. 2. feb. teikningar frá Teiknistofu Sigtryggs Stefánssonar, Akureyri.
17. Brynhildur Pétursdóttir, Akureyri, afh. 6. feb. frá Zontaklúbbi Akureyrar, þýðingar Francis deSales á Nonnabókum yfir á ensku. Sjö handrit.
18. Ingvar Teitsson, Akureyri, afh. 8. feb. frá Ferðafélagi Akureyrar: Gestabækur frá ýmsum fjallatindum og skálum félagsins 1948-2006.
19. Árni Arnsteinsson, Stóra-Dunhaga 2, afh. 13. feb gögn frá Búnaðarfélagum Arnaneshrepps, Öxnadalshrepps, Glæsibæjarhrepps og Skriðuhrepps, frá árunum 1929-2003, einnig skjöl frá Kirkjukór Möðruvallaklausturssóknar, 1971-1996.
20. Hörður Geirsson, Akureyri, afh. 19. feb. frá Minjasafninu á Akureyri: Hlutabréf í Gránufélaginu, hamingjuávísun, minningakort, meistarabréf Gríms Valdemarssonar o.fl. innrömmuð skjöl frá árunum 1872-1937.
21. Árni Björn Árnason, Akureyri, afh. 19. feb þrjár ritgerðir sínar: Upptökumannvirki skipa á Akureyri, Pólska dráttarbrautin, Flotkvínn, 2002-2003.
22. Guðrún Kristín Jónsdóttir, Akureyri, afh. 19. feb. frá Amtsbókasafninu á Akureyri (kom þangað með bókagjöf): Tvær stílabækur frá Ólafi Árnasyni mjólkurfræðingi 1938-1939.
23. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afh. 22. feb. frá Amtsbókasafninu á Akureyri: Útgáfudagsblöð 1978:5 - 1983:10, komið frá Félagi frímerkjasafnara á Akureyri.
24. Heiða Karlsdóttir, Akureyri, afh. 2. mars jólakort send bæjarstjóra og á bæjarskrifstofur á árunum 2001-2006.
25. Magnús Stefánsson, Akureyri, afh. 2. mars fyrir hönd Læknafélags Akureyrar: Ljósmyndurbók Matthildar Grímsdóttur í Glæsibæjarhreppi og Akureyri 1915-1931.
26. Svan Ingólfsson, Akureyri, afh. 2. mars kosningahandbækur frá árunum 1942-1983.
27. Jónas Sigurjónson, Akureyri, afh. 2. mars bréf til sr. Benjamíns Kristjánssonar frá Ása Kristjánssyni; The Conception of Sin in the Old Testament o.fl. 1962.
28. Ásdís Ásgeirsdóttir, Akureyri, afh. 6. mars sköl úr fórum Steinþórs Baldvinssonar skipasmiðs frá árunum 1910-1952.
29. Karl Erlendsson, Akureyri, afh. 7. mars frá Brekkuskóla: Nemendaskrár og einkunnabækur úr Gagnfræðaskóla Akureyrar 1930-1987.
30. Jón Arnþórsson, Akureyri, afh. 8. mars gögn frá Sambandsverksmiðjunum og frá starfsmannafélagi verksmiðjanna. 1937-2001. Einnig leiðarbók fyrir Guðstein GK 140 1974-77 og Akureyrina EA 10 1983-87.

31. Árni Björn Árnason, Akureyri, afh. 16. mars ljósrít af minningum Magnúsar Bjarnasonar skipasmiðs, m.a. um föður hans Bjarna Einarsson smið, hafnargerð, dráttarbrautir og bryggjur, póstbátinn Hrólf, hafísárin 1915 og 1916, björgun skipa o.fl.
32. Franz Árnason, Akureyri, afh. 20. mars gögn frá Hitaveitu Akureyrar og Rafveitu Akureyrar.
33. Jón Birgir Guðmundsson, Akureyri, afh. 21. mars skrá yfir frímerkjasafn Axels Schiöth sem hann gaf Lystigarðinum á Akureyri 1953, einnig gjafabréf frá Garðyrkjufélagi Akureyrar 1999.
34. Magnús Stefánsson, Akureyri, afh. 26. mars gögn frá Fjórðungsjúkrahúsinu á Akureyri 1950-1956.
35. Þorsteinn Arnórsson, Akureyri, afh. 29. mars: Frá Iðju, félagi verkmiðjufólks á Akureyri og nágrennis: fundargerðarbækur 1936-1999. Frá Verkalyðs og sjómannafélagi Ólafsfjarðar: félagatöl, reikningar, samningar o.fl. gögn 1944-1968.
36. Þuríður Schiöth, Hólshúsum, afh. 29. mars gögn frá Soroptimistaklúbbi Akureyrar 2002-2004.
37. Haraldur Sigurðsson, Akureyri, afh. 30. mars gjörðabók Drengjafélagsins Neista 1922 ásamt greinargerð H.S. um félagið 2007.
38. Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri Hörgárbyggðar, afh. 2. apr. frá Öxnadalshreppi: gjörðabók hreppsnefndar 1982-1997 og fjallskilabók 1940-1980. Frá Skriðuhreppi: fundargerðarbók hreppsnefndar 1962-2001. Frá Glæsibæjarhreppi: skýrslur um fjallskil 1948-2000. Frá Íþróttahúsinu Þelamörk: rekstrarreikningur 1993-98.
39. Magnús Jónsson, Akureyri, afh. 2. apr. mynd í ramma af fyrstu íslensku ráðherrunum austan hafs og vestan.
40. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afh. 3. apr. frá Amtsbókasafni: Fyrstu alþingiskosningar íslenzka lýðveldisins 30. júní 1946.
41. Anna Ringsted, Þórustöðum 4, afh. 3. apr. uppdrátt af Kaupangskirkjugarði, ásamt stækkun 1954. Jón Rögnvaldsson gerði uppdráttinn 1933 og 1954. Listi yfir þekkt leiði í Kaupangskirkjugarði (ódag.).
42. Svan Ingólfsson, Akureyri, afh. 10. apr. úrklippubækur úr fórum Huldu Magnúsdóttur, Akureyri frá árunum 1944-1959.
43. Ingibjörg Bjarnadóttir, Gnúpufelli, afh. 12. apr. úr fórum Daníels Pálmasonar í Gnúpufelli: Höfuðbók 1953 fyrir A-252 mjólkurflutningabíl, bréf varðandi mjólkurflutninga 1954, fundargerðir um skólamál í Saurbæjarhreppi 1961-1971, skrá yfir fjölda sláturfjár í Saurbæjardeild 1963.
44. Sigríður Schiöth, Akureyri, afh. 24. apr. hópmynd af félögum í Kvenfélaginu Framtíðinni 1919.
45. Sigurgeir B. Þórðarson, Akureyri, afh. 4. maí ársreikninga Akureyrarbæjar 2006.

46. Valgerður Schiöth, Rifkelsstöðum II, afh. 7. maí gjörðabækur Kvenfélagsins Voröld 1933-1983.
47. Afhent frá bæjarskrifstofu Akureyrarbæjar 16. maí kjörskrá v/alþingiskosninga 12. maí 2007.
48. Hólmfríður Andersdóttir, Akureyri, afh. 4. júní fundargerðabók Sor-optimistaklúbbs Akureyrar 1982-1995.
49. Sveinn Jónasson, Akureyri, afh. 6. júní gögn frá sóknarnefnd Akureyrar, sáttanefnd Akureyrar, Æskulýðsfélagi Akureyrarkirkju o.fl. 1927-1996.
50. Jón Einar Haraldsson, Akureyri, afh. 13. júní fylgiskjöl, bréf, umslög o.fl. merkt Guðmundi Hannessyni, Sigurjóni Sumarliðasyni og Carl Schiöth o.fl. 1909-1920.
51. Guðmundur Sigurður Jóhannsson, Sauðárkróki, afh. 19. júní ljósrit af skýrslum um legorðsmál í Eyjafjarðarsýslu frá 1809.
52. Steinunn Guðmundsdóttir, Akureyri, afh. 20. júní frá guðspekistúkuni Systkinabandið: fundargerðabækur 1909-1956 og 1973-2003, erindi um andleg mál safnað af Sigurgeiri Jónssyni 1926-1928 o.fl.
53. Sigurlaug Ingólfssdóttir, Akureyri, afh. 21. júní Góðtemplarareglan á Akureyri 80 ára, 1968.
54. Sigríður Stefánsdóttir, Akureyri, afh. 25. júní kveðjur, heillaóskir og gjafir til Akureyrarkaupstaðar á 100 ára afmæli, 29. ágúst 1962; teikningar eftir Eggert M. Laxdal, gjöf frá Birni Stefánsyni til bæjarins 2002; mynd af þátttakendum í Youth Eco Forum á Akureyri 2005.
55. Guðrún Kristjánsdóttir, Hrísey, afh. 25. júní gögn frá Hríseyjarhreppi og Hríseyjarferju.
56. Hólmfríður Andersdóttir, Akureyri, afh. 26. júlí úr fórum Sigíðar Helgadóttur, Akureyri: Prógrömm frá leiksýningum, afmæliskort o.fl. og úr fórum Páls Helgasonar: Hofstaðapátt eftir Jón Sigurgeirsson frá Helluvaði.
57. Hjörtur Arnórsson, Akureyri, afh. 4. júlí Laufeyjar-vísur, ljóðabréf til Laufeyjar (1857-1881) dóttur sr. Björns Halldórssonar í Laufási, ort af sr. Gunnari Gunnarssyni, óársett.
58. Brynhildur Pétursdóttir, Akureyri, afh. 16. júlí fundargerðabók Zontaklúbbs Akureyrar 1949-1966.
59. Hólmkell Hreinsson, Akureyri, afh. 17. júlí frá Amtsókasafni gjöf Hákonar Sigurðssonar: Tímarit Verkfræðingafélags Íslands 4. h. 1936, með grein um virkjun Goðafoss eftir Árna Pálsson og Knut Ottersted. Aths. Knuts handskrifaðar á spássúr.
60. Guðmundur Svanlaugsson varðstjóri Lögreglunni Akureyri afh. 25. júlí kjörseðla við bæjarstjórnarkosningar á Akureyri 27. maí 2006 og við alþingiskosningar í maí 2007.

61. Ásgrímur Ágústsson, Akureyri, afh. 30. júlí bókhaldsgögn, innkomin bréf, auglýsingar, plötuumsög o.fl. 1973-2006 frá Ljósmyndastofunni Norðurmynd.
62. Haukur Steindórsson frá Þríhyrningi afh.7. ág. skjöl vegna stofnunar mjólkurbús á Möðruvöllum í Hörgárdal 1903; bréf frá Ræktunarfélagi Norðurlands vegna mælinga á jarðabótum 1919.
63. Jón Bjarnason, Akureyri, afh. 8. ág. skrá yfir tekjuskatt og útsvar Akureyringa 1947.
64. Hermann Sigtryggsson, Akureyri, afh. 8. ág. fundargerðabók Rótarýklúbbs Akureyrar 1973-1975.
65. Rafn Kjartansson, Akureyri afh. 14. ág. gestabók Karla kórins Geysis 1975-1992, sem fannst í Byggðavegi 134.
66. Ragnar Sverrisson, Akureyri, afh. 16. ág. Akureyri í öndvegi, þ.e. DVD diskur um verkefnið og íbúðingid, unninn af N4 2007.
67. Sigurgeir B. Þórðarson, Akureyri, afh 17. ág. bókhaldsútskriftir Akureyrarbæjar árið 2006.
68. Kristján Kristjánsson, Akureyri, afh. 3. sept. dagbækur, bréf, handrit o.fl. úr fórum Kristjáns frá Djúpalæk frá árunum 1915-1994.
69. Aðalsteina Helga Magnúsdóttir frá Grund afh. 5. sept. einkaskjöl frá Magnúsi Sigurðssyni og Margréti Sigurðardóttur á Grund 1734-1935.
70. Margrét Kröyer, Akureyri, afh. 6. sept. afmælisrit, reikninga elliheimilis-sjóðs, bréf, fundargerðir o.fl. frá Kvenfélaginu Framtíðin 1977-2005.
71. Elín Dögg Guðjónsdóttir, Akureyri, afh. 11. okt. frá Akureyrarbæ: Bankabækur og ávísanahefti ýmissa nefnda og sjóða 1954-1983, póstkvittunarbækur 1982-1993, móttekin jólakort árið 2000.
72. Ásdís Á. Þorvaldsdóttir, Akureyri, afh. 15. okt. bekkjarkladda frá Brekkuskóla 1998-2000.
73. Tómas Guðmundsson, Reykjavík, afh. 25. okt. söngskrá frá síðustu tónleikum MA kvartettsins í Gamla Bíó í Reykjavík 1940.
74. Jón Aðalsteinn Hermannsson, Akureyri, afh. 31. okt. dagbókarbrot Jóns Jónssonar frá Vogum við Mývatn, afrit Jóns Skúla Þorsteinssonar frá árinu 1932. Ljósrit af Lbs.2415.
75. Anna María Snorradóttir, Svalbarðseyri, afh.8. nóv. gögn frá skóladagheimilinu Brekkukoti 1977-1994.
76. Elín Dögg Guðjónsdóttir, Akureyri, afh. 8. nóv. frá Hríseyjarhreppi: Gögn 1949-1960 frá hafnarsjóði og rafveitu, einnig skömmtnarbækur.
77. Kári Agnarsson, Akureyri, afh. 14. nóv. viðskiptamannabækur, dagbækur o.fl. frá Vélbátatryggingu Eyjafjarðar 1940-1987.
78. Drífa Pálsdóttir, Reykjavík, afh. 20. nóv. skjöl úr fórum föður síns og afa Páls Hallgrímssonar í Reykhúsum og Hallgríms Kristinssonar, kaupfélagsstjóra og forstjóra SÍS frá árunum 1904-1951.

79. Björn Ingólfsson, Grenivík, afh. 21. nív. nokkur félagsskírteini úr Verkalýðsfélagi Grýtubakkahrepps 1944-1959.
80. Björn Pálsson, Selfossi, afh. 22. nív. frá Héraðsskjalasafni Árneseinga viðskiptakladda Jóns Chr. Stephánssonar, timburmeistara á Akureyri. 1897-1909.
81. Björn Ingólfsson, Grenivík, afh. 26. nív. gögn úr Grýtubakkahreppi og Laufássókn, m.a. frá sáttanefnd og safnaðarfundum 1865-1966.
82. Guðmundur Karl Jónsson, Akureyri, afh. 5. des. margvísleg gögn frá Skíðaráði Akureyrar, upplýsingar um ýmis skíðamót og mannvirki í Hlíðarfjalli o.fl. frá árunum 1950-2006.
83. Hallgrímur Gíslason, Akureyri, afh. 6. des. Kjarnakonur úr innbænum. Fyrirlestrar úr dagskrá á Amtsbókasafninu 27. okt. 2007 á vegum Stoðvina Minjasafnsins á Akureyri um Elísabetu Geirmundsdóttur og Ragnheiði O. Björnsson.
84. Sveinn Heiðar Jónsson, Akureyri, afh. 19. des. frá Iðnráði Akureyrar: Gerðabækur framkvæmdastjórnar 1938-1992. Gerðabók iðnráðs 1938-1992, lög og reglur; bréf o.fl. 1930-1960.
85. Margrét Blöndal, Akureyri, afh. 19. des. Snepil, skemmtirit, 1. - 7. árg. 1927-1938. Útgefandi Ungmennafélag Öxndæla. Komið frá Birni Brynjólfssyni, föður Margrétar.
86. Stefán Benjamínsson, Akureyri, afh. 21. des. frá Krossanesverksmiðju, bókhaldsgögn, teikningar af bryggju og umhverfi frá árunum 1947-1985.
87. Jón Torfason, Reykjavík, afh. frá Þjóðskjalasafni 21. des. eftirprentun af korti af fremri hluta Eyjafjarðar frá 1860.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

Rekstrarreikningur 2007

053110	Tekjur - framlag ríkis	1.000.000 cr
	Tekjur frá héraðsnefnd	4.529.000 cr
053111	Launakostnaður	9.855.000.-
053112	Vörukaup	284.000.-
053113	Þjónustukaup	3.858.000.-
053115	Húsaleiga/lausafjárleiga	13.651.000.-
053116	Annar rekstrarkostnaður	116.000.-
	<u>Samtals:</u>	<u>21.545.000.-</u>
